

Íslenska lífeyriskerfið uppfyllir meginkröfur OECD

Íslenska lífeyriskerfið stenst með ágætum stefnumarkandi tilmæli Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um uppbyggingu lífeyriskerfa:

- Sjóðsöfnun er mikil.
- Öryggisnet almannatrygginga er mikilvægt fyrir lágtekjuhópa.
- Lífeyrisþegar framtíðarinnar fá almennt meiri lífeyri en nú er greiddur.

Þetta eru helstu niðurstöður nýrrar rannsóknar á nægjanleika lífeyrissparnaðar sem Fjármálaeftirlitið og Landssamtök lífeyrissjóða kynntu í dag. Rannsóknin er hluti fjölþjóðlegs verkefnis með samræmdri aðferðafræði um nægjanleika lífeyris í ríkjum OECD.

Mikil sjóðsöfnun

Ísland sker sig úr að því leyti að nærri 77% af lífeyrisgreiðslum munu koma úr sjóðum sem hafa safnað eignum til greiðslu lífeyris. Í öðrum OECD-ríkjum er hlutfallið á bilinu 5-46%. Hluttur gegnumstreymiskerfis, þar sem lífeyrir er greiddur af skatttekjum ríkisins hverju sinni, verður því aðeins 23% á Íslandi en fer upp í 95% í Frakklandi, svo dæmi sé tekið.

Öryggisnet almannatrygginga

Lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar eru mikilvægt öryggisnet fyrir þá sem fá lágan lífeyri úr hefðbundnum lífeyrissjóðum, t.d. vegna fjarveru af vinnumarkaði, lágra launa eða minni réttindaávinnslu á fyrstu tveimur áratugum almennu lífeyrissjóðanna. Öllum, sem uppfylla skilyrði um 40 ára búsetu á Íslandi, er tryggður lífeyrir vel umfram fátæktarmörk.

Lífeyrisgreiðslur í framtíðinni

Greiðslur lífeyrissjóðanna munu fara hækkandi á komandi áratugum og samanlagður lífeyrir frá sjóðunum og almannatryggingum verður að meðaltali um þriðjungji hærri en hjá þeim sem nýlega hófu töku lífeyris. Jafnframt mun hluttur viðbótarlífeyrissparnaðar (séreignar) fara vaxandi.

Í rannsókninni var megináhersla lögð á útreikning lífeyris sem hlutfalls af meðalævitekjum (lífeyrishlutfall) og lokalaunum, svo og á samanburð við ýmis viðmið. Ísland kemur almennt mjög vel út úr þessum samanburði og er í flestum tilvikum ofarlega á lista OECD.

Lífeyrishlutfall samtryggingardeilda

Miðað við meðal ævitekjur	Allir	35-39 ára	60-64 ára
Lífeyrishlutfall	64%	64%	61%
Fjöldi með lífeyrishlutfall < 56%	32%	27%	42%

Veikleikar líka metnir

Rannsóknin beindist einnig að því að greina veikleika lífeyriskerfisins og þá einkum hvort einhverjir hópar þjóðfélagsins ættu á hættu að lenda undir viðmiði um nægan lífeyri.

Niðurstaðan sýnir að þeir, sem hafa verið virkir á vinnumarkaði í 40-45 ár, sem er algengasta lengd starfsævi hér á landi, munu ná öllum viðmiðum um nægjanleika lífeyrissparnaðar. Hins vegar er allnokkur hópur fólks sem nær ekki viðmiðum, fyrst og fremst vegna þess að það hefur ekki greitt nægilega lengi í lífeyrissjóð. Einnig hefur það áhrif að eldra fólkið, sem könnunin nær til, naut minni ávinnslu réttinda framan af starfsævinni.

Í skýrslu um íslenskan hluta rannsóknarinnar eru fjögur atriði nefnd sem veikleikar:

- Lífeyrir er almennt talinn lágur um þessar mundir.
- Verulegur munur er á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði en jöfnunaráhrif almannatrygginga draga úr þeim mun.
- Sterk tekjutenging almannatrygginga og lífeyristekna.
- Margir ná ekki viðmiði um 56% lífeyrishlutfall úr samtryggingarsjóðum (einkum vegna rofs í iðgjaldasögu).

Heildar lífeyrishlutfall (%) með öllum stoðum lífeyris

Miðað við meðal ævitekjur	Karlar	Konur	35-39 ára	60-64 ára
Lífeyrishlutfall (LH): Samtrygging	62%	64%	84%	59%
LH: Samtrygging + TR	89%	105%	93%	93%
LH: Samtrygging + TR + Séreign	97%	111%	103%	99%

Í skýrslunni er bent á mögulegar úrbætur, svo sem að

- auka sveigjanleika í lífeyristöku og iðgjaldagreiðslum, til þess að fólk geti bætt sér upp slaka iðgjaldasögu á yngri árum.
- samræma lífeyriskerfi á almenna vinnumarkaðnum og hjá hinu opinbera.

Nýja rannsóknin er hluti af alþjóðlegu verkefni þar sem gerður er samanburður á nægjanleika lífeyris (e. *retirement savings adequacy*) fólks á aldrinum 35-64 ára á vinnumarkaði árið 2012. Verkefnið var fjármagnað með styrk frá Evrópusambandinu.

Fjármálaeftirlitið sótti um styrkinn í samvinnu við OECD og var ábyrgðaraðili þess. Landssamtök lífeyrissjóða voru aðalsamstarfsaðili Fjármálaeftirlitsins um rannsóknina.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður G. Valgeirsson í síma 840 3861.